



Þroskahjálffélag Íslands

Alþingi
Erindi nr. P 128/1433
komudagur 3.3.2003

Kópavogi 3. mars 2003.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Þroskahjálffélags Íslands (Þ.Í.) um frumvarp til laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Almennt um frumvarpið:

Þ.Í. telur frumvarp til laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins gott og það skýra hlutverk Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar vel. Þ.Í. fagnar því sérstaklega að frumvarpið gerir ráð fyrir að bein þjálfun og meðferð fari fram að mestu í almennum stofnunum t.d. leikskólum og skólum þar sem að barnið nýtur að jafnaði þjónustu.

Einstakar greinar.

4. gr.

6- 9 töluliður. Þ.Í. fagnar þessum töluliðum þar sem að Greiningar- og ráðgjafarstöð er gert að fylgjast með nýjungum og taka þátt í fræðilegum rannsóknum á alþjóðavettvangi. Rannsóknir á fötlunum og meðferðaraðferðum getur verið takmörkuð hér á landi sérstaklega hvað varðar fátíðar fatlanir og því alþjóðlegt samstarf mjög nauðsynlegt. Með þessu frumvarpi fær Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkari skyldu til að fylgjast með erlendis og miðla þekkingu innanlands.


5. gr.

Ekki er gert ráð fyrir sérstakri stjórn yfir Greiningar – og ráðgjafarstöð ríkisins, heldur er lögð ríkari ábyrgð á forstöðumann stöðvarinnar. Telur Þ.Í. þá breytingu vera til bóta og færa stofnunina nær nútímalegum stjórnunaraðferðum. Hins vegar skal ítrekað mikilvægi þess að sjónarmið notenda þjónustunnar eigi greiðan aðgang að stjórnendum stofnunarinnar. Ýmis hagsmunasamtök fatlaðra þar á meðal Þroskahjálp hafa haft þetta hlutverk.

Niðurlag

Þ.Í. þakkar tækifærið til að koma með athugasemdir við frumvarp þetta. Almennt fagnar Þ.Í. frumvarpinu og vonar að það fái hraða afgreiðslu.

F.h Þroskahjálffélags Íslands.


Þóroddur Þórarinnsson
Varaformaður Þ.Í.